

Reykjavík, 21.6.2016

Nefndasvið Alþingis

**Varðandi: Athugasemdir við Tillögu til þingsályktunar um staðfestingu samnings Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarvörur; þingskjal 1338 – 783. mál.**

Sóttvarnalæknir hefur lesið yfir ofangreinda þingsályktun og vill koma á framfæri nokkrum athugasemdum.

Rétt er að vekja athygli á að samkvæmt sóttvarnalögum (nr. 19/1997) þá ber sóttvarnalæknir ábyrgð á opinberum sóttvörnum hér á landi undir yfirstjórn ráðherra og er heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Í þingsályktunartillögu þeirri sem hér er til umfjöllunar er einungis fjallað um um tolla og tollkvóta á landbúnaðarvörur til og frá Íslandi en ekkert beinlínis um heilbrigðismál sem snerta innflutning á ferskum landbúnaðarvörum. Engu að síður er rétt að vekja athygli á því að aukinn innflutningur á ferskum landbúnaðarvörum hingað til lands getur haft í för með sér ákveðin heilbrigðisvandamál sem íslensk yfirvöld þurfa að vera meðvituð um og tilbúin að bregðast við.

Samkvæmt álitum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins þá er útbreiðsla ýmissa sýkla og sýklalyfjaónæmra baktería ein helsta heilbrigðisógn sem sem steðjar að mönnum í heiminum í dag. Margir þættir stuðla að útbreiðslu sýkla (sýklalyfjanæmra og –ónæmra) en einn þeirra er dreifing með ferskum matvælum, einkum fersku alifuglakjöti eins og bent er á í nýlegri skýrsla á vegum Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins (ECDC) og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) (sjá <https://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/pub/4380>).

Á Íslandi hefur tíðni matarborinna sýkinga hjá mönnum og sýklalyfjaónæmi verið umtalsvert minna en í flestum nágrannalöndum. Með auknum innflutningi á ferskum landbúnaðarvörum, einkum alifuglakjöti er hætt við að tíðni matarborinna sýkinga muni aukast hér á landi sem og útbreiðsla sýklalyfjaónæmra baktería.

Sóttvarnalæknir telur því mikilvægt að samningur Íslands við Evrópusambandið um viðskipti með ferskar matvörur takið mið af ofangreindum áhættum og að í honum verði sett ákvæði sem gefi Íslandi möguleika á að takmarka innflutning á vörum sem sýnt þykir að auka muni ógn við almennt heilbrigði hér á landi.



Þorólfur Guðnason sóttvarnalæknir  
Barónstíg 47  
101 Reykjavík  
e-mail: [thorolfur@landlaeknir.is](mailto:thorolfur@landlaeknir.is)